



Fimleikaþing 4. september 2021

Þingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 8. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

8. gr.

Réttur til setu á fimleikaþingi

Fimleikaþing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum FSÍ með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt og fer hver fulltrúi með eitt atkvæði.

...

Á fimleikaþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- stjórnarmenn FSÍ, aðal – og varamenn, og skoðunarmenn reikninga,
- nefndarmenn FSÍ,
- fyrirverandi formenn FSÍ,
- framkvæmdastjórn og forseti ÍSÍ,
- framkvæmdastjóri FSÍ,
- fulltrúi ráðuneytis íþróttamála,
- aðrir sem stjórn FSÍ telur ástæða til að bjóða.

Verði

8. gr.

Réttur til setu á fimleikaþingi

Fimleikaþing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum FSÍ með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt og fer hver fulltrúi með eitt atkvæði. **Kjörnir fulltrúar í stjórn FSÍ og varamenn þeirra geta ekki farið með atkvæðisrétt á þingi.**

...

Á fimleikaþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- stjórnarmenn FSÍ, aðal – og varamenn, og skoðunarmenn reikninga,
- nefndarmenn FSÍ,
- fyrirverandi formenn FSÍ,
- framkvæmdastjórn og forseti ÍSÍ,
- framkvæmdastjóri FSÍ,
- fulltrúi ráðuneytis íþróttamála,
- fulltrúi Fimleikadómarafélags Íslands,**
- aðrir sem stjórn FSÍ telur ástæða til að bjóða.

Greinargerð:

Sú spurning hvort að kjörnir fulltrúar í stjórn FSÍ og varamenn þeirra geti farið með atkvæðisrétt á þingi hefur oft komið upp og núgildandi lög veita ekki svör við því. Í samræmi við starfsemi annarra sérsambanda leggur stjórn FSÍ til að fulltrúar í stjórn FSÍ og varamenn þeirra geti ekki farið með atkvæðisrétt á fimleikaþingi.



Á fimleikabingi 2019 var samþykkt að næst þegar að lög sambandsins kæmu til skoðunar, yrði g) lið, fulltrúi Fimleikadómarafélags Íslands, bætt við þá fulltrúa sem eiga rétt til þingsetu, með málfrelsi og tillögurétt á þingi. Aðrir stafliðir breytast í samræmi við það.

Sent til:

Laganefndar

Allsherjarnefndar

Fjárhagsnefndar

_____nefndar